

STAFAFURA: KÖNGLASÖFNUN

Skógræktin þarf mikið magn af stafafurukönglum til að anna eftirspurn eftir stafafurufraei til sáningar. Skógræktin greiðir fyrir köngla, sé þeim safnað samkvæmt neðangreindum leiðbeiningum. Stafafura tekur tvö ár í að þroska köngla. Fyrra árið myndast litlir vísar að könglum og seinna árið fullþroskaðir könglar, sem sitja við upphaf árssprota síðasta árs

Athugið að ekki er greitt fyrir köngla sem berast með öðrum hætti

- Ekki er tekið við könglum nema starfsmenn Skógræktarinnar hafi staðfest söfnunarstað, uppruna móðurtrjáa, gefið leyfi og leiðbeint um söfnun
- Aðeins er greitt fyrir 2 ára köngla
- Safna skal í poka sem halda fræi, en lofta vel, t.d. strigapoka. Alls ekki plastpoka því þá er hætt við myglu
- Geyma skal könglana á svölum stað þar til þeir eru afhentir, ekki við stofuhita, nálægt miðstöðvarofni o.þ.h.
- Pokar skulu vera vel merktir þeim sem safnar, nafni og símanúmeri, ásamt kvæmi og söfnunarstað
- Lágmark er 50 kg frá hverjum söfnunarstað
- Könglar þurfa að berast Skógræktinni í síðasta lagi 20. nóvember
- Könglum er komið á starfstöðvar Skógræktarinnar sem fyrst eftir tínslu (sjá starfstöðvar á skogur.is) eða sent með sem hagkvæmustum hætti á:

Skógræktin

Vöglum Fnjóskadal

607 Akureyri

Greiðsla

1. flokkur: Eingöngu tveggja ára könglar og engar nárar eða rusl. Greiðsla 2.000 kr. fyrir kíló

2. flokkur: Eldri könglar í bland við tveggja ára köngla. Greiðsla 1.200 kr. fyrir kíló af tveggja ára könglum, ekkert greitt fyrir eldri köngla

Rafrænir reikningar sendist gegnum skuffan.is. eða konto.is. Skýring: „könglatínsla“ ásamt kílóafjölda og einingaverði

NÁNARI UPPLÝSINGAR á myndbandavef Skógræktarinnar: www.skogur.is/myndbond

Eftirtaldir starfsmenn Skógræktarinnar leiðbeina um söfnun á könglum:

Austurland:

Vesturland:

Suðurland

Norðurland:

Einnig:

Bergrún Arna Þorsteinsdóttir

Valdimar Reynisson

Trausti Jóhannsson

Valgerður Jónsdóttir

Hreinn Óskarsson

Aðalsteinn Sigurgeirsson

begga@skogur.is

valdi@skogur.is

trausti@skogur.is

valgerdur@skogur.is

hreinn@skogur.is

adalsteinn@skogur.is

892-3523

847-8324

865-8770

862-7854

899-1971

898-7862

Eins árs könglar
tilbúnir næsta ár

Tveggja ára könglar,
SAFNIÐ ÞESSUM!

Þriggja ára könglar
Takið EKKI þessa!

